


# Heilbrigðisstefna til ársins 2030

Hveragerði  
23. janúar 2019

Birgir Jakobsson  
Aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra



## Þættir sem hafa áhrif á lífslíkur



- **Lifnaðarhættir**  
Hreyfing, mataræði, tóbaksnotkun, áfengisneysla, öruggt kynlíf
- **Félags- og efnahagslegir þættir**  
Menntunarstig, atvinna, fjölskyldu- stuðningur, vinir, félagslegt tengslanet
- **Heilbrigðisþjónusta**  
Gæði, aðgengi
- **Umhverfispættir**  
Húsnæði, atvinnuöryggi, umferðaröryggi, brunavarnir, löggæsla, hjálmanotkun, sætisbeltanotkun, björgunarvesti o.s.frv.

Heimild: **Brainerd MK**. 2013. <http://www.mayo.edu/people/mary-k-brainerd>



# Heilbrigðisstefna fjallar ekki um

- » Einstaka þætti þjónustunnar svo sem geðheilbrigði, heilabilun, öldrunarþjónustu, meðferð fíknisjúkdóma, endurhæfingu, hjúkrunarheimili o.s.frv.

En hún skapar forsendur fyrir því að við getum unnið að eflingu allra þessara innviða á kerfisbundinn hátt, óháð rekstrarformi og samkvæmt fyrir fram ákveðinni forgangsröðun.



- » Íslensk heilbrigðisþjónusta er á heimsmælikvarða og lýðheilsustarf með áherslu á heilsueflingu og forvarnir er hluti af allri þjónustu, sérstaklega þjónustu heilsugæslunnar.
- » Árangur heilbrigðisþjónustunnar er metinn með því að mæla gæði þjónustunnar, öryggi hennar, hversu aðgengileg hún er og hvað hún kostar.

# Heilbrigðisstefna fjallar um heilbrigðiskerfið

- » Forysta til árangurs
  - Hvernig er heilbrigðiskerfinu stjórnað
- » Rétt þjónusta á réttum stað
  - Hvernig veitum við rétta heilbrigðisþjónustu á réttum staða og réttum tíma
- » Fólkið í forgrunni
  - Hvernig tryggjum við nægilega mönnun í heilbrigðiskerfinu
- » Virkni notenda
  - Hvernig aukum við þátttöku og vægi notenda þjónustunnar



# Heilbrigðisstefna fjallar um heilbrigðiskerfið

- » Skilvirk þjónustukaup
  - Hvernig kaupir ríkið heilbrigðisþjónustu og hvernig er greitt fyrir hana
  - Greiðslupátttaka sjúklinga
- » Gæði í fyrirrúmi
  - Hvaða kröfur eru gerða um gæði, öryggi og aðgengileika
- » Hugsað til framtíðar
  - Menntun heilbrigðisstétta
  - Hvernig skipuleggjum við og eflum vísindi og nýsköpun í heilbrigðiskerfinu
  - Hvernig innleiðum við nýja tækni og ný lyf í heilbrigðisþjónustuna (HTA)



# Starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks - áskorun

- » Árleg könnun SFR sem metur frammistöðu stofnana út frá stjórnun, starfsanda, launakjörum, vinnuskilyrðum, sveigjanleika, sjálfstæði í starfi og ímynd stofnana.
- » Á árinu 2018 tóku 145 stofnanir þátt, þar af 13 sem tilheyra heilbrigðiskerfinu.

## Stofnun ársins 2018 - Gögn unnin af VEL upp úr gögnun SFR

	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt
Meðaltal fyrir stofnanir heilbrigðiskerfis	3,82	3,95	4,16	2,71	3,62	4,05	4,11	3,57	4,00
Meðaltal allar stofnanir	3,98	4,01	4,20	3,03	3,88	4,25	4,25	3,79	4,16
<b>Styrkleikabil</b>	4.20 - 5.00								
<b>Starfshæft bil</b>	3.70 - 4.19								
<b>Aðgerðarbil</b>	0.00 - 3.69								



# Heilbrigðisstefna 2030 - Stjórnun til árangurs

- » Stjórnendur á öllum sviðum heilbrigðiskerfisins séu valdir út frá faglegri hæfni þar sem meðal annars séu gerðar kröfur um leiðtoga-hæfileika og reynslu í stefnumiðuðum stjórnarháttum. Þeim sé veittur reglubundinn stuðningur og þjálfun á þessum sviðum.
- » Forstjórar heilbrigðisstofnana á landinu séu umdæmisstjórar heilbrigðismála innan síns umdæmis og hafi með sér reglulegt samráð um heilbrigðisþjónustu undir forystu heilbrigðisráðuneytisins.
- » Hlutverk og fjárhagsleg ábyrgð ríkis og sveitarfélaga um veitingu heilbrigðisþjónustu verði vel skilgreind.





# Heilbrigðisstefna 2030 - Fólkið í forgrunni

- » Mannaflapörf heilbrigðiskerfisins hafi verið greind og viðeigandi ráðstafanir gerðar af hálfu ríkisvaldsins til að tryggja mönnun þjónustunnar.
- » Mönnun heilbrigðisstofnana verði sambærileg við það sem best gerist erlendis, samræmist umfangi starfseminnar og tryggi gæði og öryggi hennar.
- » Yfirmenn heilbrigðisstofnana hafi skýra ábyrgð, aðstæður og getu til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til þess að manna starfsstöðvar sínar.
- » Heilbrigðisstofnanir verði eftirsóttir vinnustaðir og þekktir fyrir gott starfsumhverfi og góð samskipti.
- » Vinnutími og vaktabyrði starfsfólks verði í samræmi við bestu gagnreyndu þekkingu, lög og kjarasamninga.
- » Skýrar reglur gildi um aukastörf heilbrigðisstarfsfólks.



# Heilbrigðisstefna 2030 - Horft til framtíðar

- » Hlutverk heilbrigðiskerfisins verði auk þess að veita heilbrigðisþjónustu, að mennta starfsfólk og stunda vísindastarfsemi. Hver þáttur heilbrigðiskerfisins verði kostnaðargreindur og fjármagnaður með gagnsæjum hætti.
- » Grunnmenntun heilbrigðisstarfsfólks hafi verið aðlöguð íslenskum aðstæðum með það fyrir augum að tryggja mönnun heilbrigðisþjónustunnar.
- » Starfsfólk á opinberum heilbrigðisstofnunum eigi kost á því að starfa við vísindarannsóknir eða gæðaverkefni í tiltekinn tíma á ári.
- » Ætlast verði til þess að heilbrigðisstarfsfólk sem vinni á háskólasjúkrahúsi sinni kennslu og vísindum jafnframt því að sinna klínískri vinnu.




- » Aðgengi að heilsugæslu og þjónustu sérfræðinga á landsbyggðinni verði jafnað með fjarheilbrigðisþjónustu og vel skipulögðum sjúkraflutningum.
- » Hlutverk Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri varðandi veitingu sérfræðiþjónustu á landsbyggðinni verði skilgreint.

Ekki raunhæft að unnt sé að manna alla staði á landinu með sérhæfðu starfsfólki





# Heilbrigðisstofnanir 2014



# Stjórn og samráð

- » Heilbrigðisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd heilbrigðisstefnu
- » Aðgerðaáætlun til fimm ára
  - Endurskoðuð árlega
- » Vettvangur fyrir reglubundið samráð
  - Forstjórar opinberra heilbrigðisstofnana
  - Sveitarfélögin
  - Notendafélög
  - Fagaðilar

Heilbrigðisþing á hverju ári



# Takk fyrir

